



Leiðbeiningar um flutning gagna milli Epson
HX-20 og IBM PC/XT samlíkra tölva með
forritinu RHI-PC

Kristinn Einarsson

Greinargerð KE-87-01

Orkustofnun
Vatnsorkudeild

Greinargers KE/87-01
1987-07-17

Leiðbeiningar um flutning gagna milli Epson HX-20 og
IBM PC/XT samlíkra tölva með forritinu RHI-PC.

Eftirfarandi leiðbeiningar eru einkum ætlaðar til notkunar við millifærslu gagna frá sjálfvirkri veðurstöð við Stóralæk á Fljótsdalsheiði. Gögnum um hita og vindhraða á þriggja stunda fresti er safnað í gagnaskráningartæki, er smíðað var hjá Raun-
visindastofnun háskólans. Með vissu millibili eru gögnin lesin inn á ferðatölvu af gerðinni Epson HX-20 og skráð á örsegulband til öryggis á staðnum.

Þegar komið er til byggða, eru gögnin færð yfir á 5 1/4 " disk-
ling á PC-tölvu undir MS-DOS. Þaðan er auðvelt að fara þau yfir hvaða tölvu sem er til úrvinnslu.

Tengt er með viðeigandi snúru milli raðtengis (serial port) á PC-
tölvunni og RS-232C tengis á Epson tölvunni (sjá myndir 1 og 2).
Stíllt er á viðeigandi drif og/eða efnisskrá á PC-tölvu. Epson
tölva er gangsett, þannig að forritið RHI-PC sé inni á tölvunni
og sömuleiðis gögn þau, sem fara skal á milli. Ef með þarf eru
þau lesin af segulbandi með RHI-PC forriti, valinn er þá rofi
<3>, þ.e. AF SEGULBANDI.

Eftirfarandi skipanir eru gefnar á PC-tölvu:

```
MODE COM1:4800,N,7,2
COPY COM1 aamddd.DAT ; aamddd stendur fyrir aflestrardag
; þ.e. ár, mánuður og dagar
```


Komi tilkynningin:

```
Read fault error reading device COM1
Abort, Retry, Ignore?
```


á skjáinn, skal ekki hirt um það, og svarið R gefið.

A Epson tölvu er valinn rofi <6>, þ.e. SENDA, og á þá gagnaflæði
milli tölvanna að hefjast, sem lýkur með því að Epson tölva
flautar og birtir boðin BUIN og PC-tölva gefur til kynna að
styrikerfið sé tilbúið til næsta verks með venjulegum hætti.

Kanna má með venjulegum ritþór, t.d. Hugsýn eða EMACS, hvort
gagnaskráin sé góð og gild, og bera hana saman við útprentun frá
Epson tölvunni. Réttast er síðan að taka afrit af henni, einkum
ef disklingurinn á að sendast í pósti milli landshluta.



Mynd 1. Séð aftan á Epson HX-20 tölvu. Tengt er í tengi merkt RS-232C.



Mynd 2. Séð aftan á Lingo PC tölvu. Tengt er í lárétt liggjandi tengi ofan við lyklaborðstengið.